



Reykjavíkurborg

2013

STARFSÁÆTLUN Í MANNRÉTTINDAMÁLUM



Inngangur

Samkvæmt Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar frá árinu 2006 ber mannréttindaráði að vinna framkvæmdaáætlun/starfsáætlun í mannréttindamálum. Mannréttindaráð fær fjárhagsramma vegna verkefna sem undir það heyra og felur mannréttindastjóra að vinna starfsáætlun. Tilgangurinn með áætluninni er fyrst og fremst að forgangsraða verkefnum.

Mannréttindaráð Reykjavíkurborgar

Mannréttindaráð starfar í umboði borgarráðs samkvæmt samþykkt í borgarstjórn 18. desember 2007. Ráðið er skipað sjö fulltrúum kosnum af borgarstjórn og jafnmörgum til vara. Kjörtímabil nefndarinnar er hið sama og borgarstjórnar. Ráðið starfar í samræmi við mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar á hverjum tíma sem og lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Ráðið tekur ákvarðanir og gerir tillögur til borgarráðs í málum sem heyra undir verksvið þess. Mannréttindaráð sinnir stefnumótun á sviði mannréttindamála hjá Reykjavíkurborg og sér til þess að henni sé framfylgt. Mannréttindaráð ber ábyrgð á upplýsingamiðlun og samráði við íbúa, félagasamtök og aðra hagsmunaaðila sem tengjast verkefnum ráðsins.

Fulltrúar í mannréttindaráði

Varafulltrúar

Þann 30.09.2012

Margrét Sverrisdóttir, formaður
Margrét Kristín Blöndal
Magnús Þór Gylfason
SJÓN (Sigurjón B. Sigurðsson)
Bjarni Jónsson
Elín Sigurðardóttir
Þórey Vilhjálmsdóttir

Heiða Kristín Helgadóttir
Eva Baldursdóttir
Snærós Sindradóttir
Sveinn H. Skúlason
Ingibjörg Stefánsdóttir
Jörundur Ragnarsson
Ingibjörg Óðinsdóttir

Mannréttindaskrifstofa

Mannréttindaskrifstofu ber að vinna með mannréttindaráði og fylgja eftir ákvörðunum þess. Einnig ber skrifstofunni að:

- Fylgja eftir stefnumótun innan málaflokksins í samvinnu við mannréttindaráð.
- Efla samráð innan borgarinnar í þeim málum sem stefnan nær til.
- Eiga samvinnu við félagasamtök og önnur sveitarfélög í málum sem stefnan nær til.
- Eiga samráð við tilnefnda mannréttindafulltrúa á sviðunum.
- Eiga frumkvæði að verkefnum.
- Standa vörð um að borgarbúum sé ekki mismunað vegna uppruna, litarháttar, trúarbragða, aldurs, stjórnmalaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu.

Mannréttindastjóri

Mannréttindastjóri fylgir eftir ákvörðunum mannréttindaráðs. Jafnframt er það í verkahring mannréttindastjóra að efla samráð innan borgarinnar á sviði mannréttindamála meðal annars með samstarfi við tilnefnda mannréttindafulltrúa á sviðum borgarinnar. Þá tekur mannréttindastjóri þátt í margháttuðu samstarfi við aðra aðila sem sinna mannréttindamálum hér á landi, s.s. við opinberar stofnanir, félagasamtök og önnur sveitarfélög.

Mannréttindafulltrúar

Á hverju sviði borgarinnar eru tilnefndir mannréttindafulltrúar eins og fram kemur í 11. kafla mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Til að tryggja samþættingu mannréttindamála og upplýsingaflæði heldur mannréttindastjóri reglulega samráðsfundi með mannréttindafulltrúum borgarinnar. Hlutverk mannréttindafulltrúa sviða er að fræða samstarfsfólk um tilvist mannréttindastefnunnar, efni hennar og markmið. Einnig að minna á hana þegar við á, taka við athugasemdum frá starfsfólki sem tengjast mannréttindastefnunni og koma þeim til sviðsstjóra, sem tekur þær til afgreiðslu. Mannréttindafulltrúum ber að gæta þess að þau verkefni sem tengjast þeirra sviðum í starfsáætlun sé fylgt eftir.

Mannréttindafulltrúar sviða þann 19. september 2012 eru:

Hólmsteinn Jónasson
Ásdís Ásbjörnsdóttir
Hrafnkell Tjörvi Stefánsson
Jóhanna Marteinsdóttir
Heiðrún Aðalsteinsdóttir
Sigríður Halldórsdóttir

Framkvæmdasvið
Íþrótt- og tólmstundasvið
Skóla- og frístundasvið
Skóla- og frístundasvið
Menningar- og ferðamálasvið
Skipulags- og byggingarsvið

Magnús Arnar Sveinbjörnsson
Erla Hrönn Vilhjálmisdóttir
Freyr Halldórsson
borgarritara

Umhverfis- og samgöngusvið
Velferðarsvið
Mannauðsdeild borgarstjóra og

Kynningastarf

Mannréttindaskrifstofa sér um að kynna mannréttindastefnuna fyrir starfsmönnum borgarinnar. Sérstök áhersla er lögð á kynningu meðal nýrra starfsmanna þar sem lögð er áhersla á margbreytileika á vinnustöðum og meðal borgarbúa sem nýta sér þjónustu borgarinnar. Enn fremur sér starfsfólk skrifstofunnar um kynningar, erindi og fræðslu, bæði innan borgar og utan, á ýmsum verkefnum sem skrifstofan sinnir.

Markmið og aðgerðir

Í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar segir að borgaryfirvöld skuldbindi sig til að vinna að mannréttindum á fjórum megin sviðum þar sem hvert svið fyrir sig endurspeglir margþætt hlutverk og skyldur sveitarfélags sem stjórnvalds, sem atvinnurekanda, veitanda þjónustu og samstarfsaðila þeirra sem vilja beita sér í þágu mannréttinda. Í þessari starfsáætlun eru sett fram markmið mannréttindaráðs, aðgerðir til að ná settum markmiðum og gerð grein fyrir hver ber ábyrgð á framkvæmd þeirra og innan hvaða tímamarka þau skuli unnin.

Almennt
Kyn
Fatlaðir
Innflytjendur
Aldur
Trúarbrögð

Verkefni Verkefnum ráðsins er skipt í flokka sem hver og einn er aðgreindur með lit.

Markmið	Aðgerð/ir	Ábyrgð	Tími
1. Tryggja samvinnu við svið borgarinnar í mannréttindamálum	1.1 Styrkja tengslanet og upplýsingaflæði til mannréttindafulltrúa með reglubundnum fundum og fræðslu. Árlegir fundir verða haldnir með mannréttindaráði og mannréttindafulltrúum	Mannréttindastjóri	Viðvarandi
	1.2 Kynna mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar fyrir starfsmönnum borgarinnar og borgarbúum	Mannréttindaskrifstofa	Viðvarandi
	1.3 Gefa út rafrænt fréttablað tvisvar sinnum á ári fyrir starfsmenn borgarinnar	Mannréttindaskrifstofa	Viðvarandi
2. Gæta þess að mannréttindastefnan sé höfð til hliðsjónar við úthlutun styrkja borgarinnar	2.1 Minna formenn nefnda og ráða og sviðsstjóra á gæta þess að hafa mannréttindastefnu til hliðsjónar með bréfi er vísar í greinar 9.2 og 9.3. í stefnunni	Mannréttindastjóri f.h. mannréttindaráðs	Í kjölfar styrkauglýsinga Reykjavíkurborgar
	2.2 Vinna nýtt styrkeyðublað í samvinnu við önnur ráð borgarinnar sem leggur áherslu á nýtingu styrkja út frá kynjasjónarmiði og fleiri þáttum	Mannréttindaskrifstofa í samvinnu við verkefni um kynjaða fjárhags- og starfsáætlunargerð.	2013
3. Eiga samvinnu við borgarbúa um mannréttindamál	3.1 Halda árlegan mannréttindadag Reykjavíkurborgar ásamt afhendingu viðurkenningar	Mannréttindaráð	16. maí ár hvert
	3.2 Halda opinn fund mannréttindaráðs	Mannréttindaráð	Í desember ár hvert
4. Tryggja að þjónusta borgarinnar sé aðgengileg öllum hópum borgarsamfélagsins	4.1 Vefur borgarinnar sé aðgengilegur fyrir alla	Mannréttindaskrifstofa í samvinnu við upplýsinga- og vefdeild	Viðvarandi

	4.2 Að vefsíður Reykjavíkurborgar, á ensku og pólsku, séu uppfærðar	Mannréttindaskrifstofa í samvinnu við upplýsinga-og vefdeild	Viðvarandi
	4.3 Að þjónusta menningarstofnana sé aðgengileg innflytjendum	Mannréttindaráð í samvinnu við menningar-og ferðamálaráð	2013
5. Vinna gegn kynbundnu ofbeldi	5.1 Fylgja eftir aðgerðaráætlun gegn kynbundnu ofbeldi og ofbeldi gegn börnum	Mannréttindaskrifstofa í samvinnu við þau svið borgarinnar sem að áætluninni koma	2013
	5.2 Starfrækja aðgerðarteymi innan borgarinnar sem er ráðgefandi fyrir starfsfólk, borgarstjórn og borgarráð. Teymið eigi gott samstarf við grasrótarsamtök	Mannréttindaskrifstofa	
	5.3 Greina, byggt á tölfræðilegum upplýsingum, hvar líklegt sé að kynbundið ofbeldi eigi sér stað utan heimila og vinna tillögur að úrbótum á þeim stöðum.	Mannréttindaskrifstofa í samstarfi við samstarfshóp um miðborg	2013
	5.4 Finna leiðir til að úttektir sem tengjast leyfisveitingum til skemmtistaða lúti m.a. að öryggi við og á salerni og staðsetningu öryggismyndavéla	Mannréttindaskrifstofa í samstarfi við samstarfshóp um miðborg og skrifstofu borgarstjórnar	2013
	5.5 Skoða mögulegar leiðir til að sporna gegn klámi í borgarmyndinni	Mannréttindaskrifstofa	2013
	5.6 Kortleggja hvaða þjónusta er fyrir hendi fyrir brotaþola kynferðisofbeldis og vinna að úrbótum er þörf er á	Mannréttindaskrifstofa	2013
	5.7 Kynna fyrir starfsfólki Reykjavíkurborgar og borgarbúum verkefnið Karlar til ábyrgðar	Mannréttindaskrifstofa	2013

6. Treysta lýðræðislega stjórnun borgarinnar þannig að hún endurspegli eins og kostur er kynjahlutfall íbúa	6.1 Framboðum til sveitastjórnar verði sent bréf þar sem minnt er 15. grein laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla	Mannréttindastjóri f.h. mannréttindaráðs	Í aðdraganda kosninga
	6.2 Gera úttekt á kynjahlutföllum í nefndum, ráðum og stjórnnum. Upplýsingar verði kynntar mannréttindaráði og birtar á vefsíðu	Mannréttindaskrifstofa	Árlega
7. Jafna stöðu kvenna og karla í borgarsamfélaginu	7.1 Fylgja eftir aðgerðaráætlun í jafnréttismálum	Mannréttindaskrifstofa	Viðvarandi
	7.2 Setja fram tölfræðilegar upplýsingar um stöðu kynjanna	Mannréttindaskrifstofa	8. mars
	7.3 Taka saman lykilupplýsingar um fjölda stjórnenda hjá Reykjavíkurborg. Bæði eftir kyni, almennt, en einnig innan ákveðinna hópa	Mannréttindaskrifstofa í samvinnu við mannauðsdeild	2013
8. Vekja athygli á þætti kvenna í sögu borgarinnar	8.1 Vinna við árlegan dag helgaðan minningu baráttukvenna þann 19. júní	Mannréttindaskrifstofa í samvinnu við forsætisnefnd	19. júní
9. Vinna gegn stöðluðum kynjamyndum	9.1 Starfshópur um kynjaðar staðalmyndir útfæri verkefnið	Mannréttindaskrifstofa	2013
10. Vinna að því að útrýma kynbundnum launamun	10.1 Fylgja því eftir að unnar verði úttektir á stöðu mála og aðgerðir í kjölfarið	Mannréttindaskrifstofa í samvinnu við mannauðsdeild og fleiri	2013
11. Tryggja að þjónusta borgarinnar höfði jafnt til beggja kynja.	11.1 Greina notkun þjónustu eftir kyni og hvetja til úrbóta ef þarf	Mannréttindafulltrúar sviða	Viðvarandi
	11.2. Innleiðing kynjaðrar fjárhagsáætlunar	Mannréttindaskrifstofa í samvinnu við fjármálaskrifstofu	2013

12. Vinna að jafnréttisfræðslu í skólum	12.1 Standa að fræðsluátaki um jafnréttismál	Mannréttindaskrifstofa	2013
	12.2 Setja á fót og viðhalda gagnabanka um jafnrétti í skólum og frístundastarfi sem styður við leik- og grunnskólakennara og starfsfólk í frístundastarfi	Mannréttindaskrifstofa	2013
13. Tryggja þjónustu við fatlað fólk	13.1 Fylgja eftir flutningi málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga með þátttöku í starfshópi	Mannréttindastjóri	2013
	13.2.Taka saman tölulegar upplýsingar vegna þjónustu við fatlaða eftir kyni	Mannréttindaskrifstofa í samvinnu við Velferðarsvið	2013
14. Bæta aðgengi fatlaðra í öllum stofnunum borgarinnar	14.1 Unnið verði að endurbótum á eldri húseignum borgarinnar	Í samvinnu við ferlinefnd Reykjavíkurborgar.	2013
15. Skýr sýn í atvinnumálum fatlaðra hjá Reykjavíkurborg	15.1 Að Reykjavíkurborg móti sér stefnu um samfélagslegu skyldu sína sem atvinnuveitandi fatlaðra	Mannréttindaskrifstofa í samvinnu við svið borgarinnar	2013
16. Tryggja skjól fyrir erlenda rithöfunda sem verða fyrir ofsóknum	16.1 Vinna við skjólborgarverkefnið/ ICORN	Mannréttindaráð og skrifstofa.	2013
17. Tryggja ráðgjöf til innflytjenda í borginni	17.1. Að veitt sé ráðgjöf á tungumálum fjölmennustu hópa innflytjenda.	Mannréttindaskrifstofa í samvinnu við mannréttindaráð	2013
18. Bæta upplýsingaflæði til íbúa af erlendum uppruna og einfalda þeim aðlögun og búsetu í borginni	18.1 Efla aðgengi upplýsinga á vef borginnar og í stofnunum borgarinnar	Mannréttindaskrifstofa í samvinnu við svið og stofnanir borgarinnar	2013

	18.2 Samræma vinnureglur um túlkþjónustu fyrir borgarbúa, m.a. í foreldraviðtölum í leik- og grunnskólum	Mannréttindastjóri í samvinnu við Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða	2013
19. Vekja athygli á og fagna fjölbreytileika borgarinnar og stuðla að samstarfi við innflytjendur	19.1 Kallað verði eftir viðhorfi innflytjenda um það sem betur má fara í þjónustu við innflytjendur	Mannréttindaskrifstofa og fjölmeningarráð	2013
	19.2 Undirbúa ásamt fjölmeningarráði árlegan fjölmeningardag	Mannréttindaskrifstofa	Um miðjan maí
	19.3 Aðstoða fjölmeningarráð Reykjavíkurborgar í störfum sínum	Mannréttindaskrifstofa og mannréttindaráð	2013
20. Auðvelda innflytjendum að starfa hjá Reykjavíkurborg	20.1 Erlendum starfsmönnum Reykjavíkurborgar standi til boða íslenskukennsla á vinnutíma	Mannréttindaskrifstofa í samvinnu við mannauðsdeild	2013
21. Auka lífsgæði eldri borgara	21.1 Samstarf kynslóðanna - Ungir kenna öldruðum á tölvur	Mannréttindaskrifstofa.	2013
	21.2 Efla sjálfbóðið starf og samvinnu meðal fyrrverandi starfsmanna borgarinnar	Mannréttindaskrifstofa í samstarfi við mannauðsdeild	2013
22. Athugun á stöðu mannréttinda hjá eldri borgurum	22.1. Koma á fót starfshóp til þess að skoða mannréttindi eldri borga	Mannréttindaráð í samvinnu við hagsmunaaðila	2013
23. Að tryggja trúfrelsi	23.1. Að fylgja eftir að reglum um samskipti leik og grunnskóla og trúar og lífsskoðunarhópa sé fylgt	Mannréttindaráð/mannréttindaskrifstofa	2013